

FUNDARGERÐ

31. ágúst 2020

Fundur stjórnar, haldinn í gegnum TEAMS fjarfundakerfi

Mættir: Eyþóra Hjartardóttir, Karl Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Hrund Hauksdóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir, Illugi Gunnarsson, Eyrún Magnúsdóttir

1. Húsnæðismál

a. Fundir skólaráðs

Reykjavíkurborg telur framkvæmdum við húsnæðið lokið. Þó er ljóst að skoða þarf betur heimilisfræðistofuna. Upplýst um að Verkís teldi ekki tímabært að taka sýni á þessum tímamarki. Aðilar voru þó búnir að sammælast um að sýni yrðu tekin á þessum tímamarki á síðasta samráðsfundi aðila. Gert ráð fyrir að sýnataka muni fara fram, tímasetning enn ekki ákveðin. Komin upp veikindi nemenda í Austurlandi á ný. Gert ráð fyrir að skólastjórnendur tilkynni um þau til stjórnenda hjá Borginni og fylgi því eftir að sá hluti húsnæðisins verði skoðaður enn betur.

b. Kveikur fréttaskýringarþáttur hefur verið að vinna að umfjöllun um myglumál í samfélaginu. Til stendur að fjalla um húsnæði Fossvogsskóla í þættinum.

2. Aðalfundur

a. Áætluð dagsetning er 1. október nk.

b. Reikningar félagsins, Helga Dögg Björgvinsdóttir er skoðunarmaður

c. Framboð í embætti. Stefnt að því að senda út póst fljótlega og kynna félagið og óska eftir að áhugasamir bjóði sig fram

d. Félagsgjöld – ekki talin þörf á því að rukka félagsgjöld þetta árið. Lítið verið haldið af viðburðum sl. skólaár vegna Covid. Gjaldkeri fer yfir fjárhagsstöðu félagsins.

e. Fundarstjóri – ath. hvort Ragnar Björgvinsson sé til í að vera fundarstjóri aftur.

3. Dagskrá vetrarins

a. Bekkjarfulltrúafundur – Áætlað dagsetning er 15. október 2020

b. Aðventustund – Áætluð dagsetning er 21. nóvember 2020

c. Vorhátíð – lagt til að hún verði með svipuðu sniði og vorið 2018, þ.e. með kennurum og starfsfólki skólans.

d. Fræðslumál – hafa samband við Sirrý hjá SAMFOK og kanna hvort það séu fordæmi fyrir því að foreldrafélagin séu að bjóða upp á fræðslu um einhver tiltekin efni inn í skólann fyrir kennara og starfsfólk.

Einnig kanna hvort að hún viti um einhvern góðan sem gæti komið inn með fræðslu fyrir miðstigið í staðinn fyrir Magga Stef. Hann hefur verið með fræðslu um rafrettur og samfélagsmiðla o.fl.

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

4. Önnur mál

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF miðvikudaginn 16. september nk.

Fundargerð ritaði EHj.